

BRÁÐABIRGÐALÖG

60

14. maí

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Landssmiðjuna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að Landssmiðjan hafi orðið að leggja stórfé í húsakynni handa smiðjunni, sem hafi verið orðin með öllu óviðunandi. Enn fremur hafi hún orðið að kaupa dýra lóð undir húsið og athafnasvæði smiðjunnar. Loks hafi hún einkum vegna bátasmiða fyrir ríkið orðið að reisa dýra bátasmiðastöð við Elliðaárvog, auk þess sem hún verði jafnan að hafa fyrirbyggjandi ýmislegt smiðaefni fyrir mörg hundruð þúsundir króna. Þar sem smiðjan þannig hafi orðið að festa mjög mikið fé, sé hún erfiðlega sett með rekstrarfé og ekki annað fært en að veita henni ríkis-ábyrgð fyrir láni í því skyni, sem muni verða að nema 1 500 000 krónum. Hefur ráðherrann farið fram á, að veitt verði heimild handa ríkisstjórninni til þessarar ábyrgðar með bráðabirgðalögum.

Með því að ég fellst á að ekki verði hjá því komið að veita þessa ríkis-ábyrgð, set ég samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Landssmiðjuna allt að 1 500 000 króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Áki Jakobsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

61

14. maí

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér það, sem hér fer á eftir:

Í 4. gr. laga nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, er svo ákveðið, að í þeim hreppum þar sem $\frac{3}{4}$ hlutar íbúanna eru ekki búsettir í kaupúni, skuli hreppsnefndarkosningar fara fram síðasta sunnudag í júní-mánuði.

Þar sem miklir annmarkar eru á því að láta hreppsnefndarkosningar fara fram samtímis alþingiskosningunum, er að þessu sinni fara fram 30. júní n. k., verður að telja nauðsynlegt að fresta þeim um vikutíma eða til 7. júlí 1946.